

Ársskýrsla

Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum (RHLÖ)

2019



Efnisyfirlit

I. Ársskýrsla – inngangur.....	3
Nafn og stjórn.....	4
Stjórn RHLÖ:	4
III. Húsnæði RHLÖ.....	5
IV. Fundir	6
V. Verkefni ársins	6
Doktorsverkefni innan RHLÖ.....	10
VI. Vísindasjóður RHLÖ	11
VII. Fræðslunefnd RHLÖ	12
Fræðslufundir	13
VIII. Styrkhafi ársins.....	13
IX. Vísindavirkni.....	14
X. Viðaukar:	14
Viðauki 1 – Stofnskrá RHLÖ.....	15
Viðauki 2 – Fræðslufundir RHLÖ	17
Viðauki 3 Vísindadagur RHLÖ.....	20
Viðauki 4 – Vísindavirkni öldrunarlæknisfræði og RHLÖ.....	21
Viðauki 5-SPRINTT rannsóknarverkefni.....	44
Starfssemi RHLÖ í myndum.....	45

I. Ársskýrsla – inngangur

Starfsemi Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúss (RHLÖ) er samkvæmt stofnskrá RHLÖ (sjá viðauka 1). Megin hlutverk rannsóknarstofunnar er að vera miðstöð í öldrunarfræðum og skapa aðstöðu til rannsókna, styðja við rannsóknir og fræðslu auk þess að stuðla að samvinnu og samstarfi fræðimanna og Landspítala (LSH) sem tengjast öldrun.

Árið 2019 var starfsemin skilvirk og vísindaleg virkni góð. Kynningarstarf hefur að mestu farið fram í gegnum facebook síðu RHLÖ. Síðastliðin ár hefur það verið fastur liður hjá RHLÖ að halda úti árlegum Vísindadegi (sjá viðauka 3) ásamt mánaðarlegri fræðslu sem haldin er á Landakoti fyrsta fimmtudag hvers mánaðar með fjölbreyttum erindum er tengjast öldrun.

Verkefni ársins 2019 voru fjölbreytt og margþætt en eitt þeirra bar hæðst hvað varðar umfang. Þátttaka RHLÖ í Evrópu rannsókn, SPRINTT rannsóknarverkefni (www.mysprintt.eu), hefur áður verið kynnt og hófst gagnasöfnun árið 2017. Rannsóknin var fjármögnun af sambandi aðila í nýsköpun innan læknavísinda (the Innovative Medicines Initiative) sem er hópur á vegum Evrópusambandsins. Rannsakendur voru í samstarfi við Evrópusamband fyrirtækja í lyfjaiðnaði og félag þeirra (the European Federation of Pharmaceutical Industries and Associations (EFPIA)) Þar sem að um 2. ára íhlutun var að ræða var árið 2019 lokaár rannsóknar. Við vinnslu þessarar rannsóknar kom sér einkar vel að búa að góðu starfsumhverfi líkt og við deild L-5 á Landakoti. Þegar kom að gagnasöfnun þar sem allir þátttakendur voru boðaðir til skimunar og eftirfylgni, bauð húsnæðið þess kost að rannsókn væri framkvæmd við deildina enda plássið gott og möguleikin til framkvæmdar hreyfiprófa því góður. Einnig var dýrmætt að geta boðið þátttakendum í lokað rými þegar kom að því spyrja spurninga sem oft á tíðum voru viðkvæmar og þörfnuðust næðis og tíma. Einkar ánægjulegt var að geta boðið þátttakendum upp á kaffi og veitingar að lokinni yfirferð sem oft tók nokkra klukkutíma fyrir hvern og einn þátttakanda.

Þess má geta að íslenska þætti SPRINTT rannsóknar var stýrt frá RHLÖ en miðlægt var hún samhæfð af Öldrunarlækningadeild katólska sjúkrahússins í Róm, Ítalíu, á ensku: Department of Geriatrics, Neurosciences and Orthopedics of the Catholic University of the Sacred Heart, Rome, Italy. Nánari útlistun á SPRINTT rannsókn má finna í viðauka 5.

Í eftirfarandi skýrslu er starfsemi RHLÖ gerð skil. Fjallað er um þau verkefni sem rannsóknarstofan stóð að, hvort heldur að eigin frumkvæði eða sem samstarfsaðili. Núverandi stjórn hefur setið frá árinu 2015 og er árið 2019 því síðasta starfsár stjórnar. Það er von fráfarandi stjórnar að skýrslan upplýsi lesendur um starfsemi rannsóknarstofunnar.

II. Nafn og stjórn

Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum - skammstafað RHLÖ.

Stjórn RHLÖ

Stjórn RHLÖ var skipuð sjö fulltrúum árið 2015 til 5 ára í senn, samkvæmt 4. grein stofnskrár RHLÖ:

„Stjórn rannsóknarstofunnar er skipuð sjö fulltrúum til fimm ára í senn. Skal forsvarsmaður öldrunarlækninga innan Læknadeildar Háskóla Íslands eiga sæti í stjórninni og einn fulltrúi tilnefndur af hjúkrunarfræðideild HÍ. Skal annar þeirra vera formaður stjórnar að ákvörðun heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Framkvæmdastjórn Landspítala skipar tvo fulltrúa í stjórn og skal annar þeirra vera frá öðrum faggreinum en lækningum eða hjúkrun. Félagsvísindasvið HÍ, fagdeild Öldrunarfræðafélags Íslands og Félag íslenskra öldrunarlækna tilnefna hvert um sig einn fulltrúa í stjórn. Stjórnin velur sér ritara og skal funda hið minnsta fjórum sinnum á ári en oftar ef ástæða er til. Við ákvarðanatöku ræður einfaldur meirihluti stjórnar.“



Mynd 1. Stjórn RHLÖ - Kristín Björnsdóttir, Aðalsteinn Guðmundsson, Jón Eyjólfur Jónsson, Ása Guðmundsdóttir, Pálmi V. Jónsson & Sigurveig H Sigurðardóttir. Á myndina vantar Sigurbjörgu Hannesdóttur fulltrúa Öldrunarfræðafélags Íslands.

Stjórn árið 2019 var skipuð eftirfarandi fulltrúum:

Pálmi V. Jónsson, formaður – fulltrúi HVS, Læknadeildar HÍ.
Sigurbjörg Hannesdóttir – fulltrúi Öldrunarfræðafélags Íslands.
Ása Guðmundsdóttir – fulltrúi LSH
Kristín Björnsdóttir - fulltrúi HVS, Hjúkrunarfræðideildar HÍ.
Sigurveig H. Sigurðardóttir – fulltrúi Félagsvísindasvið HÍ.
Aðalsteinn Guðmundsson -Fulltrúi Félags Íslenskra öldrunarlækna
Jón Eyjólfur Jónsson- Fulltrúi LSH
Ása Guðmundsdóttir- Fulltrúi LSH

Starfsmaður

Hrafnhildur Eymundsdóttir, verkefnastjóri.

III. Húsnæði RHLÖ

Árið 2019 var húsnæði RHLÖ staðsett á Landakot fimmtu hæð (L-5). Skrifstofuaðstaða RHLÖ er tímabundinn þar sem gerður er samningur við hvern og einn hvað varðar aðstöðu. Doktorsnemar á styrkjum frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala er gerður þriggja ára samningur en þó með þeim fyrirvara um framvindu verkefnis. Aðrir sem nýta aðstöðu RHLÖ eru á tímabundnum samningi vegna verkefna sem unnin eru í tengslum við öldrunarrannsóknir. Árið 2019 sátu í heildina 14. rannsakendur við RHLÖ þar af 9 doktorsnemar, 6 aðiliar í rannsóknartengdum verkefnum og 2 meistaranemar.

Nýting skrifstofuaðstöðu L-5, Landakot.

Herbergi 9 – *Dr. Milan Chang*, faraldsfræðingur.

Herbergi 8 – *Vaka Valsdóttir*, doktorsnemi á þriggja ára styrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala.

Kristján Godsk Rögnvaldsson, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala

Herbergi 7 – *Dr. Alfons Ramel*, næringarfræðingur og prófessor við matvæla- og næringarfræðideild HÍ.

Herbergi 6 – *Vilborg Kolbrún Vilmundardóttir*, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala.

Herbergi 5 – *Inga Valgerður Kristinsdóttir*, doktorsnemi á þriggja ára styrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala.

Herbergi A – *Margrét Guðnadóttir*, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala.

Herbergi B – *Berglind Soffía Blöndal*, doktorsnemi á RANNÍS styrk í öldrunarrannsóknum. *Ósk Guðmundsdóttir*, næringarfærðingur, rannsóknarmaður.

Herbergi 4 – *Bergþóra Baldursdóttir*, nýdoktor á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala.

Herbergi 3 – *Sigrún Sunna Skúladóttir*, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala.

Herbergi 2 – *Hrafnhildur Eymundsdóttir*, verkefnastjóri RHLÖ, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala.

Herbergi 1 – *Hekla Irene Sigríður McKenzie* meistaranemi við matvæla- og næringarfræðideild, *Dr. Ólöf Guðný Geirsdóttir* deildarforseti og dósent við matvæla- og næringarfræðideild.

Herbergi (vinstra megin á gangi) – *Sólveig Ása Árnadóttir* sjúkraþjálfari, dósent við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Tímabundið rannsóknarleyfi.

Vakt herbergi – Fundarherbergi með skjávarpa. Nýting, fyrirlestrar æfðir, sameiginleg yfirferð á vísindagreinum. Stjórnarfundir. Fundir fræðslunefndar. Doktorsnefndarfundir.

IV. Fundir

Stjórnarfundir voru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði, þó með hléi yfir sumarmánuðina. Auk þess var haldið áfram að vinna að framtíðarsýn rannsóknarstofunnar.

V. Verkefni ársins

Árið hófst á öflugri málstofu um öldrunarrannsóknir sem fram fór á 19. Líf- og heilbrigðisvísindaráðstefnunni þann 3. janúar. Fulltrúar RHLÖ héldu þar áhugaverð erindi en þau fjölluðu í heildina um heilsu á efri árum og voru eftirfarandi:

- Árangursrík heimahjúkrun: Greining á leiðum til uppbyggingar út frá InterRAI-HC gögnum. Inga V. Kristinsdóttir.
- Næringarástand aldraðra eftir útskrift af öldrunardeild - Félagshagfræðileg staða, fæðuöryggi og fæðuframboð. Berglind Blöndal
- Tengls D vítamín hags við mjaðmabrot í AGES-Reykjavík rannsókn Hjartaverndar. Sigrún Sunna Skúladóttir.

Umfangsmesta verkefni RHLÖ árið 2019 var þátttaka í alþjóðlegri rannsókn um aldurstengda vöðvarýrnun og hrumleika. Á ensku ber rannsóknin heitið: Sarcopenia & Physical frailty in older people: multi-component treatment strategies, hér eftir **SPRINTT**. Verkefnastjóri RHLÖ-Hrafnhildur Eymundsdóttir, fór með yfirumsjá framkvæmdar og skipulags SPRINTT rannsóknar 2019. Fulltrúar RHLÖ komur margir hverjir að gagnasöfnun og þá kom þverfagleg kunnátta innan RHLÖ-teymis sér afar vel. Heilt yfir gekk gagnasöfnun vel.

Eftirfarandi aðilar RHLÖ komu að gagnasöfnun: Alfons Ramel, Berglind Soffía Blöndal, Hrafnhildur Eymundsdóttir, Milan Chang, Ólöf Guðný Geirsdóttir, Ósk Guðmundsdóttir, Sigrún Sunna Skúladóttir, Vilborg Kolbrún Vilmundardóttir.

Verkefnið í hnotskurn:

- Að lokinni skimun fjölda þátttakenda, var þátttakendum sem uppfylltu skilyrði um vöðvarýrnun og hrumleika, slembiraðað í tvo hópa, æfingahóp og færðsluhóp. Mældagur fóru fram við Hjúkrunarheimilið Ísafold, Garðabæ og Þorrasel, dagdvöl fyrir aldraða, Reykjavík. Á mælidegi voru lagðir fyrir hinir ýmsu spurningarlistar sem mældu ýmist næringarástand, vitræna getu, hreyfifærni, líkamssamsetningu, gönguhraða, andlega og líkamlega líðan ásamt félagshagfræðilegri stöðu. Þá voru einnig teknar blóðprufur. Þátttakendur voru einnig sendir í DXA mælingar hjá Hjartavernd.
- Tvisvar sinnum í mánuði hélt RHLÖ utanum fræðslu þar sem farið var yfir almennar ráðleggingar um mataræði ásamt kynningu á léttum æfingum. Vilborg Kolbrún Vilmundardóttir, Ósk Guðmundsdóttir og Ólöf Björnsdóttir komu að fræðslu.
- Æfingahópur SPRINTT rannsóknar fékk íhlutandi nálgun þar sem þátttakendur gerðu æfingar undir leiðsögn íþróttifræðinga. Steinunn Guðnadóttir, Steinn Baugur Gunnarsson og Milan Chang höfðu yfirumsjá með æfingum.
- Miklar upplýsingar söfnuðust fyrir hvern þátttakanda á mælidögum sem skráðar voru í þar til gerðan gagnagrunn.
- Reglulegt hópefli var viðhaft á rannsóknartímabili þar sem rannsakendur buðu þátttakendum til göngutúra í náttúrunni, á kaffihús/veitingahús o.fl.
- Fulltrúar rannsóknarstofunnar mættu á árlegan fund sem haldinn var í borginni Treviso á Ítalíu en þar voru höfðustöðvar rannsóknarverkefnis og farið var yfir þátttöku og gengi hjá öðrum þátttöku þjóðum.

SPRINTT lauk formlega hér á landi þann 7. nóvember 2019. Af því tilefni var haldið lokahóf þar sem þátttakendum var boðið að koma í heimsókn á Landakot þar sem boðið var upp á

léttar veitingar og haldin var glærusýning með formlegri yfirferð á markmiðum og tilgangi rannsóknar, niðurstöðum ánægjukönnunar, ásamt yfirferð á niðurstöðum úr hreyfifærniþrófum þar sem borinn var saman árangur þeirra sem tilheyrðu æfingahóp og þeirra sem tilheyrðu fræðsluhóp.

Lokahóf í hnotskurn:

- Hver og einn þátttakandi var sendur heim með gögn sem innihéldu árangursmælingar
- Tekinn var saman árangur þátttakenda á hreyfifærni þrófum (jafnvægi, gripstyrkur, gönguhraði í 400 metrum, fótastyrkur, álagspúls, þyngd, vöðvamassi, tandem próf og SPPB heildarskor). Hver og einn þátttakandi fékk þessar mælingar skráðar yfir allt rannsóknartímabil þannig að hægt var að meta árangur.
- Allir þátttakendur fengu æfingarblöð með sér heim og voru hvattir til áframhaldandi hreyfingar með hvattingar orðum frá Steinunni Þjálfara hópsins.
- 5 leiðir að vellíðan og Geðorðin 10. Hvatting frá Embætti Landlæknis
- Viðurkenningarskjöl fyrir hvern og einn þátttakanda.
- Mjólkursamsalan gaf RHLÖ næringardrykkinn Næring +. Allir þátttakendur fengu því næringardrykki með sér heim.

Fimmtudagsfræðsla var haldin mánaðarlega, bæði vor og haust (sjá viðauka 2). Fræðslunefnd RHLÖ sat fundi og skipulagði fræðsludaga ásamt verkefnastjóra. Eftirfarandi fulltrúar RHLÖ héldu erindi á fimmtudagsfræðslu:

- Sigrún Sunna Skúladóttir, næring og næringarmat. Hlutverk hjúkrunarfræðings.
- Hrafnhildur Eymundsdóttir, D-vítamín, lífsstíll og vitræna geta.
- Vaka Valsdóttir, Hugræn öldrun meðal aldraðra á Íslandi.

Vísindadagur RHLÖ var haldinn 17. september, í Hringsal Landspítalans, og bar yfirskriftina Málþing um byltuvarnir (sjá viðauka 3). Málþing um byltuvarnir var gríðarlega vel sótt og var salurinn fullbókaður á fyrstu dögum skráningar. Málþingi var einnig streymt beint inn á síðu Landspítalans og í framhaldi inn á facebook síðu RHLÖ þar sem fjöldi einstaklinga fylgdist með. Fræðslunefnd RHLÖ ásamt verkefnastjóra sá um skipulag málþings í samvinnu við Heilsugæsluna, Beinvernd, Félag lýðheilsufræðinga og Öldrunarfræða félag Íslands.

Fulltrúar RHLÖ komu að skipulagi dagsins og fluttu þar eftirfarandi erindi.

- Skynörvandi jafnvægisþjálfun, Dr. Bergþóra Baldursdóttir, sérfræðingur í sjúkrþjálfun.

- Rannsóknir og vísindastarf innan Rannsóknarstofu HÍ og LSH í öldrunarfræðum (RHLÖ), Hrafnhildur Eymundsdóttir, lýðheilsufræðingur, doktorsnemi, verkefnastjóri við RHLÖ.
- D vítamín og beinheilsa, Sigrún Sunna Skúladóttir, bráðahjúkrunarfræðingur, MS og doktorsnemi.
- Næring og heilsa/líkamleg færni. Dr. Ólöf Guðný Geirsdóttir, dósent, deildarforseti við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands

Mánaðarlegir deildarfundir voru haldnir. Nemar við deild komu saman og ræddu greinarskrif, tölfræði, úrvinnslu, skráningu gagna og annað sem við kemur vísindum.

Heimasíða RHLÖ innan LSH er í stöðugri endurnýjun. Slóðin er <http://www.landspitali/rhlo.is>

RHLÖ er með síðu á Facebook þar sem viðburðir innan öldrunar eru auglýstir, lifandi streymi frá málþingi og fyrirlestrum rannsóknarstofunnar, ásamt öðru markverðu, bæði innan lands og utan. Virkir fylgjendur eru um 300 talsins. Slóðin er <https://www.facebook.com/Oldrunarfraedi/>

Húsnæðismál RHLÖ, unnið var að áframhaldandi úrbótum á húsnæði RHLÖ.

Móttaka og veiting styrks til doktorsnema. Einn nýr doktorsnemi fékk aðstöðu við RHLÖ með doktorsstyrk til þriggja ára frá Styrktarsjóði Sjálfseignarstofnunar St. Jósepsspítala

- Kristján Godsk Rögnvaldsson styrkþegi hélt fyrirlestur og kynnti verkefni sitt.

Fulltrúar RHLÖ voru virkir þátttakendur á ráðstefnum:

- International Congress of the European Geriatric Medicine Society. 15th EuGMS. Evidence based medicine in geriatrics.
- The Gerontological Society of America (GSA). Strength in age: Harnessing the power of networks.
- The Fragility Fracture Network, 8th FFN Global Congress. Best care across the world.

Önnur verkefni á erlendri grundu:

- Evrópufundur vegna SPRINTT rannsóknarverkefnis, Treviso, Ítalía.
- Samstarfsfundur vegna NORDPLUS verkefnis. Riga, Latvia. Riga Medical college of the University of Latvia. Verkefni: *Integrative Care for the Elderly*. NORDPLUS higher education project.

Fulltrúi RHLÖ Bergþóra Baldursdóttur náði þeim merka áfanga að útskrifast með doktorsgráðu þann 21. mars. Verkefni Bergþóru var eftirfarandi: Jafnvægisstjórnun og áhrif skynþjálfunar: Óstöðugt eldra fólk og einstaklingar sem hlotið hafa úlnliðsbrot við byltu. Fundir voru haldnir Bergþóru til stuðnings þar sem teymi RHLÖ koma saman og yfirför glæsur og fyrirlestur var æfður fyrir hópinn. Einkar lærdómsríkt ferli fyrir alla aðila.

Fulltrúi RHLÖ, Sigrún Sunna Skúladóttir, stóð fyrir málþingi ásamt samstarfsaðilum sem bar heitið „Frá broti til bata“. Málþingið var á vegum fagdeildar bæklunarhjúkrunarfræðinga.

DOKTORSVERKEFNI INNAN RHLÖ

Virk verkefni

1. „Áhrif æðakölkunar og blóðfitu á framrás nýrnabilunar“ Berglind María Jóhannsdóttir, doktorsnemi hjá dr. Hrefnu Guðmundsdóttur nýrnalækni, er ábyrgðarmaður rannsóknar. Doktorsnemi er með sérnáms stöðu í krabbameinslækningum við Karolinska Háskólasjúkrahúsið í Stokkhólmi. Grein hefur verið send til BMC Nephrology. Regluleg rannsóknarleyfi, tímasetning útskriftar hefur ekki verið áætluð.
2. „The association of vitamin D and cognition in older people living in Iceland“ Hrafnhildur Eymundsdóttir, lýðheilsufræðingur, doktorsnemi hjá dr. Milan Chang Guðjónsson og Alfons Ramel. Áætluð verklok júní 2020.
3. „Mat á hæfni magnbundinna heilarita og mögulegra lífvísa í heila- og mænuvökva til forspár um framvindu og greiningar á heilabilun“ Unnur Diljá Teitsdóttir sálfræði, lífvísindi, doktorsnemi. Leiðbeinandi doktorsnema er Pétur Henry Petersen, dósent við læknadeild HÍ. Áætluð verklok 2021.
4. Áhrifaþættir fyrir farsæla öldrun. Vilborg K Vilmundardóttir næringarfræðingur, doktorsnemi. Áb.maður rannsóknar Ólöf G. Geirsdóttir. Áætluð verklok maí 2023.

5. „Bætt umönnun fólks með heilabilun í heimahúsi og stuðningur við aðstandendur“ Margrét Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur, doktorsnemi. Leiðbeinandi er Kristín Björnsdóttir, prófessor við hjúkrunarfræðideild. Áætluð verklok nóvember 2021.
6. „Hugræn öldrun meðal aldraða á Íslandi: Hugrænn forði, heilaforði og farsæl öldrun“ Vaka Valsdóttir sálfræðingur, doktorsnemi. Leiðbeinandi María K Jónsdóttir dósent við HR. Áætluð verklok vorönn 2021.
7. „Næringarástand og fæðuöryggi aldraðra“ Berglind S Blöndal næringarfræðingur RANNÍS styrkir verkefnið. Leiðbeinandi Alfons Ramel. Þróun á matvælum í samvinnu við MATÍS og L0 á Landakoti. Áætluð verklok vorönn 2022
8. „Hvað einkennir mjaðmarbrotahópin í öldrunarrannsókn Hjartaverndar“ Sigrún Sunna Skúladóttir hjúkrunarfræðingur, doktorsnemi. Leiðbeinandi er Þórhallur Ingi Helgason, prófessor við matvæla- og næringafræðideild HÍ. Áætluð verklok vorönn 2021.
9. „Heilsufari og færni eldra fólks sem býr sjálfstætt en nýtur þjónustu heimahjúkrunar“ Inga Valgerður Kristinsdóttur, doktorsnemi við Hjúkrunarfræðideild, leiðbeinandi, Kristín Björnsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild. Áætluð verklok haustönn 2022.

Óvirk verkefni

1. „What predisposes to hip fracture?“ Hassan Bahaloo verkfræðingur, doktorsnemi hjá Dr. Benedikt Helgasyni.
2. „Study of the association of kidney function with uric acid and advancing age?“ Anný Rós Guðmundsdóttir læknanemi, doktorsnemi hjá Dr. Margréti B. Andrésdóttur.
3. „Association of Early Life Socioeconomic Factors with Physical, Cognitive and Psychological Well-being in Old Age: AGES-Reykjavik Study“ Sigurveig H Sigurðardóttir, Milan Chang og Hrafnhildur Eymundsdóttir.

Verkefni lokið

1. „Jafnvægisstjórnun hjá einstaklingum sem hlotið hafa únlíðsbrot í kjölfar byltu og áhrif skynþjálfunar“ Dr. Bergþóra Baldursdóttir sjúkraþjálfari, doktorsnemi hjá Ellu K. Kristinsdóttur, dósent emertius, læknadeild HÍ.

VI. Vísindasjóður RHLÖ

Megin markmið sjóðsins er að efla RHLÖ. Stjórn sjóðsins er heimilt að styrkja hvert það verkefni sem hún telur efla og gagnast rannsóknum í öldrunarfræðum. Sjóðurinn starfar

samkvæmt skilmálum Dómsmálaráðuneytisins um slíka sjóði. Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga á LSH annast fjárreiður og bókhald sjóðsins f.h. sjóðsstjórnar og skulu reikningar hans endurskoðast af ríkisendurskoðun. Sjóðurinn tekur við framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum en einnig eru gefin út minningarkort á vegum sjóðsins.

Vísindasjóðurinn styrkti Málþing um byltuvarnir sem haldið var þann 17. september, um kaffi og veitingar til fundargesta.

VII. Fræðslunefnd RHLÖ

Ása Guðmundsdóttir, sálfræðingur


Kostantín Shcherbak , öldrunarlæknir

Hlíf Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Hrafnhildur Eymundsdóttir, lýðheilsufræðingur

Helstu verkefni Fræðslunefndar er að skipuleggja fimmtudagsfræðslu RHLÖ og Vísindadag RHLÖ (sjá viðauka 2 & 3 .) Fræðslunefnd hittist að jafnaði, mánaðarlega til að skipuleggja dagskrá fræðsluerinda. Helsta vinna fræðslunefndar er að undirbúa haustönn, Vísindadag RHLÖ og vorönn næsta árs. Á vorönn er fimmtudagsfræðsla haustannar skipulögð.

Á vísindadegi RHLÖ var fjallað um byltuvarnir. Ætíð er reynt að fjalla um eitt málefni á Vísindadeginum á sem þverfaglegastan hátt til að allir sem vinna innan öldrunar geti nýtt sér Vísindadaginn. Var dagurinn styrktur af Vísindasjóði RHLÖ. Fjarfundakerfi LSH var nýtt og málþingi streymt í gegnum LSH (workplace) og síðan var tengill settur inn á facebook síðu RHLÖ. Þannig að allir sem höfðu aðgang að nettengdri tölvu gátu fylgst með erindum dagsins, bæði innan LSH og utan.



Mynd 2 Fjöldi þeirra sem sóttu fimmtudagsfræðslu RHLÖ 2004 til 2018

Fræðslufundir

Fræðslufundir fræðslunefndar RHLÖ voru haldnir á fimmtudögum kl. 14:45 – 15:30 í kennslusalnum á 6. eða 7. hæð á Landakoti.

Að jafnaði mættu 10-20 manns í fimmtudagsfræðsluna. Þrátt fyrir að fimmtudagsfræðslan hafi farið úr því að vera einu sinni í viku í að vera einu sinni í mánuði frá haustinu 2012 og því fjöldi þeirra sem hafa komið á fimmtudagsfræðsluna fækkað hefur meðal fjöldi þeirra sem hefur sótt fræðsluna í raun ekki fækkað. Almennt hefur verið ánægja með að nú sé fimmtudagsfræðslan aðgengileg Landspítalastarfsmönnum inn á Workplace og eykur slík viðbót á fjölda þeirra sem fylgjast með fimmtudagsfræðslu RHLÖ.

Almennt má segja að fræðslufundir hafi verið vel nýttir af fagfólki innan og utan spítalans, ásamt því að Vísindadagurinn hefur verið vel sóttur þrátt fyrir aukið framboð fræðslu til fagfólks innan öldrunar.

VIII. Styrkhafi ársins

Sjálfsseignarstofnun St. Jósefsspítala afhenti í maí mánuði, einn styrk til doktorsnáms við Háskóla Íslands tengda Rannsóknarstofnu Landspítala og Háskóla Íslands í Öldrunarfræðum (RHLÖ). Þetta er í þrettánda sinn sem Sjálfsseignarstofnun St. Jósefsspítala afhendir doktorsstyrki en styrkirnir eru til þriggja ára og eru einskorðaðir við doktorsnema á öldrunarfræðasviði þar sem verkefni sé unnin í húsakinnu RHLÖ.

Við mat á umsóknum eru fengnir utanaðkomandi sérfræðingar.

Kristján Godsk Kristjánsson og Magnús Gottfreðsson prófessor við læknadeild hlutu að þessu sinni auglýstan styrk. Rannsóknin hefur það að markmiði að veita upplýsingar sem geta bætt túlkun og notkun fjölþátta PCR greininga og þar með stuðlað að hnitmiðaðri

sýklalyfjameðferð við lungnabólgu. Faraldsfræði, áhættuþættir, greining og meðferð lungnabólgu meðal aldraða hluta úrtaksins er könnuð sérstaklega.



Mynd 3. Frá formlegri styrkveitingu þann 20. maí. Magnús Gottfreðsson, prófessor við læknadeild og Kristján Godsk Kristjánsson, doktorsnemi við læknadeild, hlutu styrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala á myndinni er einnig Jón Eyjólfur Jónsson, læknir, fyrir hönd Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala.

Gert hefur verið hlé á styrkveitingu úr sjóði Styrktarsjóðs Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala, því var enginn styrkur auglýstur árið 2019 fyrir árið 2020.

IX. Vísindavirkni

Sjá viðauka 4.

X. Viðaukar:

1. Stofnskrá RHLÖ, endurskoðuð frá 2009
2. Dagskrá fræðslufunda RHLÖ 2019
3. Dagskrá Vísindadags RHLÖ 2019
4. Vísindavirkni 2019

Viðauki 1 – Stofnskrá RHLÖ

Stofnskrá um Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum

Uppfærsla III, 26. nóvember, 2009

1. grein
Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum (RHLÖ) er miðstöð í öldrunarfræðum stofnuð á ári aldraðra 1999. Sérhver vísindagrein, ein sér eða í samvinnu við aðrar greinar, getur átt aðild að rannsóknarstofunni, svo fremi að viðfangsefni hennar lúti að öldrun.
2. grein
Rannsóknarstofan er kennd við Háskóla Íslands og Landspítala og er rekin í samvinnu við öldrunarlækningadeild Landspítala (LSH) og heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Aðsetur rannsóknarstofunnar er í húsakynnum Rannsóknarseturs Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala í Öldrunarfræðum. Landspítali greiðir stofnkostnað og rekstrarkostnað að því marki sem kveðið er á um í 8. grein stofnskrárinnar. LSH ber ábyrgð á rekstri og skuldbindingum rannsóknarstofunnar.
3. grein
Hlutverk Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum er
 - a. að vera miðstöð rannsókna á sviði öldrunarfræða er geta tekið til heilbrigðisþátta, félagslegra þátta, fjárhagslegra þátta, og annarra þátta er tengjast lífsgæðum .
 - b. að stuðla að samvinnu fræðimanna Háskóla Íslands sem eiga það sammerkt að vinna að öldrunarrannsóknum.
 - c. að hafa áhrif á þróun kennslu í öldrunarfræðum innan Háskóla Íslands.
 - d. að skapa heimili fyrir rannsóknarverkefni á sviði öldrunar.
 - e. að stuðla að útgáfu öldrunarfræðiritra.
 - f. að hafa samvinnu við aðrar rannsóknarstofur, félög, einstaklinga og opinbera aðila, sem starfa á sviði öldrunar innanlands og utan.
 - g. að hafa forgöngu um að afla styrkja eða fjárveitinga til öldrunarrannsókna og veita upplýsingar um hugsanlega styrktaraðila.
 - h. að standa fyrir námskeiðum fyrir fagfólk í öldrunarþjónustu, sjálfstætt eða í samvinnu við aðra.
 - i. að veita fagfélögum í öldrunarmálum þjónustu eftir nánara samkomulagi
 - j. að sinna öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun stjórnar.
4. grein
Stjórn rannsóknarstofunnar er skipuð sjö fulltrúum til fimm ára í senn. Skal forsvarsmaður öldrunarlækninga innan Læknadeildar Háskóla Íslands eiga sæti í stjórninni og einn fulltrúi tilnefndur af hjúkrunarfræðideild HÍ. Skal annar þeirra vera formaður stjórnar að ákvörðun heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Framkvæmdastjórn Landspítala skipar tvo fulltrúa í stjórn og skal annar þeirra vera frá öðrum faggreinum en lækningum eða hjúkrun. Félagsvísindasvið HÍ, fagdeild Öldrunarfræðafélags Íslands og Félag íslenskra öldrunarlækna tilnefna hvert um sig einn fulltrúa í stjórn. Stjórnin velur sér ritara og skal funda hið minnsta fjórum sinnum á ári en oftast er til. Við ákvarðanatöku ræður einfaldur meirihluti stjórnar.
5. grein
Stjórnin gerir starfs- og rekstraráætlanir og ræður starfsfólk til rannsóknarstofunnar svo að markmið hennar náist.
6. grein

Rannsóknaverkefni sem unnin eru á öldrunarlækningadeild Landspítala skulu tengjast RHLÖ. Í þessu felst aðgangur að aðstöðu rannsóknarstofunnar og þeirri þjónustu og þeim stuðningi sem þar er að fá eftir nánari ákvörðun stjórnar rannsóknarstofunnar. Viðbótarkostnaður sem til fellur vegna einstakra verkefna skal borinn af viðkomandi verkefni, sbr. 7. grein. Rannsóknirnar munu koma fram í yfirliti yfir starfsemi rannsóknarstofunnar en hver rannsókn er sjálfstæð og lýtur stjórn og er á ábyrgð viðkomandi rannsakenda.

7. grein

Rekstur rannsóknarstofunnar ákvarðast af þeim tekjum sem rannsóknarstofan aflar, en þær geta verið:

- a. Rekstrartekjur af einstökum rannsóknarverkefnum.
- b. Styrkir.
- c. Tekjur af útgáfustarfsemi.
- d. Greiðslur fyrir veitta þjónustu við fagfélög og utanaðkomandi stofnanir.
- e. Tekjur af námskeiðshaldi.
- f. Aðrar tekjur, t.d. gjafir.

Verði ráðinn starfsmaður í fast starf við rannsóknarstofuna verður hann starfsmaður öldrunarlækningadeildar Landspítala en launakostnaður greiðist sjúkrahúsinu af tekjustofnum rannsóknastofunnar. Heimilt er að ráða einstaklinga í tímabundin verkefni sem verktaka fyrir rannsóknastofuna, enda stendur rannsóknastofan straum af rekstrarkostnaði.

8. grein

Fjármálasvið Landspítala annast bókhald og árlegt uppgjör starfseminnar og endurskoðandi sjúkrahússins yfirfer ársreikninga RHLÖ. Ársskýrsla er gerð um starfsemi rannsóknarstofunnar og birt á vef öldrunarlækningadeildar Landspítala. Landspítali leggur rannsóknarstofunni til húsgögn og tölvubúnað ásamt með almennum rekstri húsnæðisins og tölvubúnaðar. Framlög þessi eru án endurgjalds til LSH.

9. grein

Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum er heimilt að nota merki LSH og Háskóla Íslands í samskiptum og á bréfsefni.

10. grein

Stofnskrá þessi (III) öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn Landspítala og stjórn heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands hafa samþykkt hana. Landspítali og heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands geta samþykkt breytingar á stofnskrá ef báðir aðilar samþykkja breytingarnar.

11. grein

Stjórn RHLÖ getur haft frumkvæði að endurskoðun stofnskrár þessarar ef aðstæður breytast.

Stofnskrárviðauki: yfirlit yfir framlög Landspítala til RHLÖ

Viðauki 2 – Fræðslufundir RHLÖ



Fræðslufundir á vegum Rannsóknarstofu HÍ og LSH í öldrunarfræðum (RHLÖ).

Vorönn 2019

Haldnir í kennslusal á 7. hæð á Landakoti fyrsta fimmtudag
hvers mánaðar kl:14:45-15:30.

- 10. janúar** **Næring og næringarmat- Hlutverk hjúkrunar -
fræðings**
Sigrún Sunna Skúladóttir, hjúkunarfræðingur og
doktorsnemi við RHLÖ.
- 7. febrúar** **Sleep disturbances in the elderly**
Dr. Jordan Cunningham, Respiratory and Sleep
physician
- 7. mars** **Heilsufar eldri aldurshópa: SPRINTT rannsókn**
Bergvin Gísli Guðnason, íþróttá- og heilsufræðingur.
- 4. apríl** **Þverfagleg nálgun í vinnu með öldruðum, framlag
atferlisfræðinga**
Dr. Hanna Steinunn Steingrímsdóttir
- 2. maí** **Samskipti innan heilbrigðisgeirans**
Katrín Snjólaugsdóttir, hjúkrunarfræðingur

Fræðslunefnd: Ása Guðmundsdóttir, Hlíf Guðmundsdóttir, Konstantín Shcherbak.

**Fræðslufundir á vegum Rannsóknarstofu HÍ og LSH
í öldrunarfræðum (RHLÖ).**

Haustönn 2019

Haldnir í kennslusal á 7. hæð á Landakoti fyrsta fimmtudag hvers mánaðar kl:14:45-15:30.

- 5. september** [Skimun fyrir vannæringu og fæðuskráning sjúklinga á öldrunardeildum LSH](#)
Ásdís Lilja Guðmundsdóttir, næringarfræðingur.
- 10. október** [D-vítamín, lífstíll og vitræn geta á meðal aldraðra: niðurstöður frá Öldrunarrannsókn Hjartaverndar](#)
Hrafnhildur Eymundsdóttir, lýðheilsufræðingur, doktorsnemi við RHLÖ.
- 7. nóvember** [Persónumiðað heilsufarsmat: Skiptir það máli í öldrunarþjónustu ?](#)
Dr. Kristín Þórarinsdóttir, lektor við hjúkrunarfræðideild, heilbrigðisvísindasvið
- 5. desember** [Hugræn öldrun meðal aldraðra á Íslandi.](#)
Vaka Valsdóttir, doktorsnemi í sálfræði við RHLÖ.

Fræðslumefnd: Ása Guðmundsdóttir, Hlíf Guðmundsdóttir, Konstantín Shcherbak.

Drög að dagskrá vorannar 2020.



**Fræðslufundir á vegum Rannsóknarstofu HÍ og LSH
í öldrunarfræðum (RHLÖ).**

Vorönn 2020

Haldnir í kennslusal á 7. hæð á Landakoti fyrsta fimmtudag hvers mánaðar kl:14:45-15:30.

DRÖG AÐ DAGSKRÁ VORANNAR

- 9. janúar** **Heilsa og lifun íbúa fyrir og eftir setningu strangra skilyrða fyrir flutninga á hjúkrunarheimili 2007.**
Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun
- 6. febrúar** **Endurhæfing í heimahúsi**
Ásbjörg Magnúsdóttir, iðjuþjálfari og verkefnastjóri endurhæfingarteymis Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.
- 12. mars** **Hvað eru æskilegar kröfur til lækni meðferðar á hjúkrunarheimilum?**
Ólafur Samúelsson, sérfræðilæknir.
- 2. apríl** **Umönnunarbyrgði á Íslandi**
Kolbeinn H. Stefánsson

Fræðslunefnd: Ása Guðmundsdóttir, Aðalheiður Pálsdóttir, Hlíf Guðmundsdóttir, Konstantín Shcherbak,

Viðauki 3 Vísindadagur RHLÖ

TAKID DAGINN FRÁ

MÁLÞING UM BYLTUVARNIR



17. september 2019 | Hringisal, Hringbraut | Kl. 9:00-15:20

Málþingið er þverfaglegt og opið öllum, ekkert þátttökugjald. Tilkynna þarf þátttöku í síðasta lagi **10. september**, vinsamlegast athugið að sætaframboð er takmarkað.

DAGSKRÁ

- | | |
|--|---|
| 09:00 Setning fundarstjóra
Opnun málþings um byltuvarnir | 12:10 Hádegismatur |
| 09:10 Byltur og öryggi sjúklinga
Alma D. Möller landlæknir | 12:55 Heilsugæslan - Byltuverkefni
Anna Ólafsdóttir, fagstjóri hjúkrunar, Heilsugæslan
Hlíðum og Jón Steinar Jónsson yfirlæknir
Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu. |
| 09:40 Inngangur: Byltur á sjúkrahúsum
Konstantín Shcherbak sérfræðingur
í öldrunarlækningum | 13:15 Bæklunar- og brotamóttaka
Anna Björg Jónsdóttir, sérfræðingur í
öldrunarlækningum og Kolbrún Kristiansen,
sérfræðingur í hjúkrun |
| 09:50 Byltuvarnir á Hrafnistu: sameinað átak
Svanborg Guðmundsdóttir og Ester Gunnsteinsdóttir,
iðju- og sjúkrahjálparar Hrafnistu | 13:30 Rannsóknir og vísindastarf innan
Rannsóknarstofu HI og LSH í
öldrunarfræðum (RHLÖ)
Hrafnhildur Eymundsdóttir lýðheilsufræðingur,
doktorsnemi, verkefnastjóri við RHLÖ |
| 10:05 EKKI leggja heiminn að fótum þér
Um byltuvarnir á Landspítala
Eygló Ingadóttir hjúkrunarfræðingur
og verkefnastjóri á Landspítala | 13:45 D vítamín og beinheilsa
Sigrún Sumna Skúladóttir, bráðahjúkrunarfræðingur
MS og doktorsnemi |
| 10:25 Óráð og byltur
Elfa Póll Grétarsdóttir, sérfræðingur
í öldrunarhjúkrun | 14:00 Kaffihlé |
| 10:45 Læknisfræðileg uppvinnsla byltu á sjúkrahúsi
Konstantín Shcherbak, sérfræðingur
í öldrunarlækningum | 14:20 Fjölþætt heilsuefning eldri borgara
Dr. Janus Guðlaugsson |
| 10:55 Kaffihlé | 14:40 Næring og heilsa/líkamleg færni
Dr. Ólaf Guðný Geirsdóttir dósent,
deildarforseti við Matvæla- og næringarfræðideild
Háskóla Íslands |
| 11:15 Inngangur: Byltur utan stofnana
Konstantín Shcherbak, sérfræðingur
í öldrunarlækningum | 15:00 Hvað einkennir þá sem detta
og únlíðsbrotna?
Dr. Bergþóra Baldursdóttir, sérfræðingur
í sjúkrahjálfun og verkefnastjóri
byltuvarna á Landspítala |
| 11:25 Að vera skrefi á undan byltu
Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir, iðjuþjálfari
og verkefnastjóri endurhæfingar í heimahúsi
hjá Reykjavíkurborg | 15:20 Fundarslit |
| 11:45 Skynörvandi jafnvægisþjálfun
Dr. Bergþóra Baldursdóttir, sérfræðingur
í sjúkrahjálfun og verkefnastjóri
byltuvarna á Landspítala | |

Skráning: <https://www.landspitali.is/malthing-um-byltuvarnir>



ÖLD



Viðauki 4 – Vísindavirkni öldrunarlæknisfræði og RHLÖ

Vísindavirkni

Forstöðumaður: Pálmi V. Jónsson prófessor

Rannsóknir í öldrunarfræðum undir formerkjum Rannsóknarstofu í öldrunarfræðum snerta margar klínískar spurningar og faraldsfræði í víðum skilningi.

Öldrunarfræði er þverfræðileg grein þar sem að áherslur í rannsóknum eru á farsæla öldrun og þekkingu á undirliggjandi þáttum sem geta haft áhrif á farsæla öldrun, gæði þjónustu við aldraða frá mismunandi fræðigreinum einkenna áherslur innan öldrunarfræða.

Styrktarsjóður Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala -úthlutun styrkja frá sjóðnum.

2013

Dr. Benedikt Helgason við Institute for Biomechanics við ETH-Zurich sem er leiðbeinandi doktorsefnis verkefnisins “ *What Predisposes a Hip to Fracture?* “ Nemi Hassan Bahalooohoreh

Berglind María Jóhannsdóttir við Háskóla Íslands fyrir verkefnið „*Áhrif æðakölkunar og blóðfitu á framrás nýrnabilunar*“

2014

Margrét Birna Andrésdóttir, nemi Anný Rós Guðmundsdóttir „*Study of the association of kidney function with uric acid and advancing age?*“

Dr. Milan Chang Guðjónssen, nemi Hrafnhildur Eymundsdóttir „*The association of vitamin D and cognition in older people living in Iceland*“

2015

Bergþóra Baldursdóttir „*Jafnvægisstjórnun hjá einstaklingum sem hlotið hafa úlnliðsbrot í kjölfar byltu og áhrif skynþjálfunar*“

Unnur Diljá Teitsdóttir „*Mat á hæfni magnbundinna heilarita og mögulegra lífvísa í heila- og mænuvökva til forspár um framvindu og greiningar á heilabilun*“

Prófessor Laufey Steingrímsdóttir „*Hvað einkennir mjaðmarbrotahópin í öldrunarrannsókn Hjartaverndar*“, nemi Sigrún Sunna Skúladóttir.

2016

Dr Ólöf Guðný Geirsdóttir ásamt rannsóknarteymi fengu styrk fyrir verkefnið „Áhrifaþættir fyrir farsæla öldrun.“

Dr Milan Chang Gudjonsson og Sigurveig H. Sigurðardóttir ásamt rannsóknarteymi fengu styrk fyrir verkefnið „Association of Early Life Socioeconomic Factors with Physical, Cognitive and Psychological Well-being in Old Age: AGES-Reykjavik Study“

2017

Kristín Björnsdóttir, prófessor við hjúkrunarfræðideild. Bætt umönnun fólks með heilabilun í heimahúsi og stuðningur við aðstandendur. Margrét Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur, doktorsnemi.

Dr. María K. Jónsdóttir dósent við HR. Hugræn öldrun meðal aldraðra á Íslandi: Hugrænn forði. Vaka Valsdóttir, doktorsnemi af sálfræðideild Háskóla Íslands.

2018

Inga Valgerður Kristinsdóttur, doktorsnemi við Hjúkrunarfræðideild, og leiðbeinandi hennar, Kristín Björnsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild, fyrir rannsókn á heilsufari og færni eldra fólks sem býr sjálfstætt en nýtur þjónustu heimahjúkrunar.

2019

Kristján Godsk Kristjánsson, doktorsnemi við læknadeild og leiðbeinandi hans Magnús Gottfredsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands fyrir rannsóknina „Bætt greining samfélagslungnabólgu á Landspítala“.

DOKTORSRITGERÐ Á ÁRINU

Bergþóra Baldursdóttir. Postural control and the effects of multi-sensory balance training. Unsteady older adults and people with fall-related wrist fractures. Háskóli Íslands.

Leiðbeinendur: Ella K. Kristinsdóttir, Umsjónakennari: Pálmi V. Jónsson. Doktorsnefnd: Brynjólfur Mogensen, Hannes Petersen og Susan L. Witney.

HELSTU SAMSTARFSADILAR Í RANNSÓKNUM

Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala,

Íslensk erfðagreining, Hjartavernd (AGES rannsóknin), InterRAI, NordRAI, Middle Eastern Academy of Aging, Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði, Mentis Cura, Gerontologiskt Centrum í Lundi Svíþjóð, Kläpeda University, Nordic Network for Dementia Diagnostics. Auk samstarfs við ýmissa fræðigreina innan Landspítala svo sem augnlæknisfræði, næringarstofu og svefnrannsóknarstofu.

Pálmi V Jónsson *AGES- Reykjavík Study*: Co-PI á þessu samvinnuverkefni Hjartaverndar, www.hjarta.is, og National Institute of Aging, Bandaríkjunum, www.nia.nih.gov. Ábyrgur fyrir þeim þætti verkefnisins sem snýr að heilanum

Pálmi V Jónsson *DeCode – langlífisverkefni*: Co-PI með Kára Stefánssyni, ábyrgur fyrir klíniska hluta verkefnisins sem miðar við þátttöku allra 90 ára og eldri á Íslandi. Leitað er að genum sem skýra langlífi með ættfræði og genaleitartækni Íslenskrar Erfðagreiningar. Frá 2000, www.decode.is. Nú samvinnustofnun við HÍ

Pálmi V Jónsson og Jón Snædal *DeCode – Alzheimersverkefni*: Co-PI's í verkefni sem leitar að meingenum í heilabilunarsjúkdómum. Kári Stefánsson PI. Frá 1997. www.decode.is. Nú samvinnustofnun við HÍ

Pálmi V Jónsson *Stjórn InterRAI*: Er Fellow í InterRAI frá 1991 og hef setið í stjórn frá 1999 sem ritari samtakanna. Þetta er hópur vísindamanna, nú 44 frá 24 löndum, sem vinnur að þróun samhæfðra áreiðanlegra matstækja fyrir aldraða á mismunandi stöðum í heilbrigðisþjónustunni. Markmiðið er að bæta gæði þjónustunnar og skapa grundvöll til alþjóðlegrar vísindastarfsemi, þar sem hægt verður að bera saman einstaklinga í mismunandi löndum, þrátt fyrir að heilbrigðis- og félagsþjónustan sé ólík í viðkomandi löndum. Sjá www.InterRAI.org. Er í IceRAI hópi HTR og er þar faglegur forsvarsmaður. Á Íslandi hefur verið komið upp langtímagagnagrunni fyrir alla er njóta hjúkrunarheimilisþjónustu. Gagnagrunnurinn hefur og mun leiða af sér margvíslegar rannsóknir. www.heilbrigdisraduneyti.is/malaflokkar/malefni-aldradra/nr/918

RITSTJÓRN RITRÝNDRA FRÆÐARITA

Jón Snædal í ritstjórn International Journal on Person Centered Medicine

Pálmi V. Jónsson er í ritstjórn European Geriatric Medicine.

RITVERK –BÆKUR EÐA BÓKAKAFLAR

Geriatric Emergency Medicine, chapter about Managing Falls in the ED, Springer, Nov 2017

Authors, see cover including AB Jonsdottir

Hazzard's Geriatric Medicine and Gerontology, 7th edition. Chapter 6: International Gerontology and Geriatric Medicine, page 83-110: Leonard C Gray, Graziano Onder, Maysa S. Cendoroglo, AB Day, Ana Beatriz G. Di Tommaso, Brant E. Fries, Rowand H Harwood, Jean Claude Henrard, John Hirdes, Naoki Ikeagami, Palmi V. Jonsson, Bruce Leff, John N Morris, Xiaomei Pei, Naganath Narasimhan Prem, Roberto Bernabei. McGraw Hill Education 2017.

InterRAI Acute Care (AC) Assessment Forms and User's Manual. Version 9.3. Open Books Publishers, 2017. Authors, see cover, including Palmi V. Jonsson.

InterRAI Clinical and Management Applications Manual. Scales, Screeners, Problems, Clinical Action Points and Quality Indicators. Version 9.1. Open Books Publishers, 2017. Authors, see cover, including Palmi V. Jonsson.

InterRAI Emergency Department (ED) Assessment System Manual. For use with the interRAI ED screener (EDS) and ED Contact Assessment (ED-CA). Version 9.3. Open Books Publishers, 2017. Authors, see cover, including Palmi V. Jonsson.

RITVERK ÖLDRUNARLÆKNISFRÆÐI– vísindagreinar í ritrýndum erlendum tímaritum

de Almeida Mello J, Tran TD, Krausch-Hofmann S, Meehan B, van Hout H, Turcotte L, van der Roest HG, Garms-Homolová V, Jónsson P, Onder G, Finne-Soveri H, De Lepeleire J, Declerck D, Lesaffre E, Duyck J, Declercq A. Cross-Country Validation of the Association Between Oral Health and General Health in Community-Dwelling Older Adults.

2019.10.1016/j.jamda.2019.02.020

Fitzpatrick D, Samuelsson O, Holmerova I, Martin FC, O'Neill D. Who are the main medical care providers of European nursing home residents? An EuGMS survey. *Eur Geriatr Med.* 2019;10(1):135-9.

Jansen IE, Savage JE, Watanabe K, Bryois J, Williams DM, Steinberg S, Sealock J, Karlsson IK, Hägg S, Athanasiu L. Genome-wide meta-analysis identifies new loci and functional pathways influencing Alzheimer's disease risk. 2019;51(3):404-13.

Jorgensen TSH, Fors S, Nilsson CJ, Enroth L, Aaltonen M, Sundberg L, Bronnum-Hansen H, Strand BH, Chang M, Jylha M. Ageing populations in the Nordic countries: Mortality and longevity from 1990 to 2014. *Scandinavian journal of public health.* 2019;47(6):611-7.10.1177/1403494818780024

Lavan AH, O'Mahony D, Gallagher P, Fordham R, Flanagan E, Dahly D, Byrne S, Petrovic M, Gudmundsson A, Samuelsson O. The effect of SENATOR (Software ENgine for the Assessment and optimisation of drug and non-drug Therapy in Older peRsons) on incident adverse drug reactions (ADRs) in an older hospital cohort–Trial Protocol. *BMC Geriatr.* 2019;19(1):40

Morris JN, Berg K, Howard EP, Jonsson PV, Craig M. Functional Recovery Within a Formal Home Care Program. *J Am Med Dir Assoc.* 2019;20(8):1001-6.10.1016/j.jamda.2018.12.014

Musaeus CS, Engedal K, Høgh P, Jelic V, Morup M, Naik M, Oeksengaard AR, Snaedal J, Wahlund LO, Waldemar G, Andersen BB. Oscillatory connectivity as a diagnostic marker of dementia due to Alzheimer's disease. *Clin Neurophysiol.* 2019;130(10):188999.10.1016/j.clinph.2019.07.016

Oppedal K, Ferreira D, Cavallin L, Lemstra AW, Ten Kate M, Padovani A, Rektorova I, Bonanni L, Wahlund L-O, Engedal K. A signature pattern of cortical atrophy in dementia with Lewy bodies: A study on 333 patients from the European DLB consortium. *Alzheimer's & Dementia.* 2019;15(3):400-9.

Palmer K, Villani ER, Vetrano DL, Cherubini A, Cruz-Jentoft AJ, Curtin D, Denking M, Gutierrez-Valencia M, Guðmundsson A, Knol W. Association of polypharmacy and hyperpolypharmacy with frailty states: a systematic review and meta-analysis. *Eur Geriatr Med.* 2019;10(1):9-36.

Rongve A, Witoelar A, Ruiz A, Athanasiu L, Abdelnour C, Clarimon J, Heilmann-Heimbach S, Hernandez I, Moreno-Grau S, de Rojas I, Morenas-Rodriguez E, Fladby T, Sando SB,

